

T I L L A G A

til þingsályktunar um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn
(Lagt fyrir 56. kirkjuþing 2017)

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Solveig Lára Guðmundsdóttir

■ Kirkjuþing 2017 ályktar að fylgja skuli eftir, hvað íslensku þjóðkirkjuna varðar, ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins frá árinu 2017 um þátttöku unga fólksins í stjórn aðildarkirkna sambandsins.

□ Miða skal við að ungt fólk, þ.e. sem er á aldrinum sextán til þrjátíu ára, sé að jafnaði minnst tuttugu hundraðshlutar þeirra innan hverrar skipulagsheildar þjóðkirkjunnar sem hverju sinni taka bindandi ákvarðanir, semja áætlanir, skipuleggja starfsemi og hafa kosningarétt.

□ Verði því eigi við komið að tryggja hlutdeild unga fólksins samkvæmt framanskráðu skal veita fulltrúum þess eðlilegan rétt til áheyrnar, málfrelsis og framlagningar tillagna.

□ Kirkjuþing 2017 beinir því til biskups Íslands, forsætisnefndar kirkjuþings og kirkjuráðs að fara yfir eigið skipulag og starfsemi, svo og þær nefndir og önnur fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð sem starfa á þeirra vegum og leggja fram á kirkjuþingi 2018, eftir því sem þurfa þykir, tillögur að nauðsynlegum breytingum á starfsreglum til að ná ofangreindum markmiðum. Ef við á verði verklagsreglum, skráðum jafnt sem óskráðum, eða öðrum sambærilegum heimildum breytt í sama skyni og þær breytingar kynntar kirkjuþingi 2018.

Greinargerð

Á tólfta heimspingi Lúterska heimssambandsins 2017, sem haldið var í Windhoek, Namibíu, var svofelld ályktun samþykkt:

Ályktun um þátttöku ungs fólks

- 1) Þingið áréttar mikilvægi þátttöku ungs fólks í starfi kirknanna.
- 2) Þingið lýsir yfir ánægju sinni með starfsemi samtakanna Young Reformers Network við að miðla inntaki siðbótarinnar til nýrra kynslóða. Þingið hvetur framkvæmdastjórn til að halda áfram stuðningi við samtökin og jafnframt að útvíkka starfsemi þeirra svo hún nái til þeirra sem búa sig undir að taka við leiðtogahlutverkum innan kirkjunnar.
- 3) Þingið hvetur allar kirkjur Heimssambandsins til að stuðla að innleiðingu 20% ungmennapátttöku á öllum stigum með því að tryggja aðkomu og atkvæðisrétt ungs fólks við ákvarðanatöku, stefnumótun og skipulag.
- 4) Þingið hvetur aðalritara Lúterska heimssambandsins til að biðja kirkjur sambandsins til að leggja fram árangursskýrslur um ungmennapátttöku fyrir næsta heimsping.

Hér er tengill á vefsíðu Lúterska Heimssambandsins þar sem ályktunin er birt:

<https://www.lwfassembly.org/en/resolution-youth-participation>

Íslenska þjóðkirkjan var ein af stofnaðilum Lúterska heimssambandsins, sem sett var á fót í Lundi, Svíþjóð, árið 1947 og hefur tekið virkan þátt í störfum sambandsins síðan þá. Þátttöku í sambandinu fylgir skuldbinding til að fylgja eftir samþykktum heimspingsins. Tólfta heimsping sambandsins fór fram í maí mánuði 2017 í Windhoek, Namibíu og var framangreind ályktun samþykkt þar eins og fyrr segir.

Íslenska þjóðkirkjan hefur um áraraðir leitast við að veita unga fólkinu aðgang að starfi og stjórn kirkjunnar með ýmsum hætti. Þannig má nefna stofnun og starfsrækslu æskulýðssambanda kirkjunnar, kirkjuþing unga fólksins og Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar. Kirkjan hefur sömuleiðis veitt árlega styrki til æskulýðsstarfs, þar á meðal til framkvæmdar Landsmóts æskulýðsfélaga, sem er fjölmennasti einstaki viðburður fyrir ungt fólk í kirkjunni.

Lagt er til að kirkjuþing samþykki ályktun sem styður við og fylgir eftir framangreindri ályktun Lúterska heimssambandsins, eins og íslensk lög framast leyfa. Lagt er til að miðað sé við að „ungt fólk“ í þessu sambandi sé á aldrinum 16-30 ára. Til að fylgja þessu raunverulega eftir þarf að tryggja að í nefndum, stjórnnum og ráðum eigi fulltrúar unga fólksins sæti sem hér greinir (sami fjöldi varamanna ef við á):

- 1 – 7 menn = einn fulltrúi unga fólksins
- 8 – 12 menn = tveir fulltrúar unga fólksins
- 13 – 17 menn = þrír fulltrúar unga fólksins
- 18 – 22 menn = fjórir fulltrúar unga fólksins
- 23 – 27 menn = fimm fulltrúar unga fólksins
- 28 – 32 menn = sex fulltrúar unga fólksins

Eins og fram kemur í seinni hluta ofangreindrar tillögu er viðhaft orðalagið „að jafnaði“. Þýr sú hugsun að baki að ekki er alltaf gerlegt að tryggja að markmiði um þátttöku unga fólksins sé náð. Kemur þar einkum til þegar sú aðstaða er uppi að skipun í starfshóp, nefnd eða ráð er bundin við eða er afleiðing af öðrum trúnaðarstörfum. Má sem dæmi nefna biskupafund. Því er þriðji liður tillögunnar settur fram. Er þá haft í huga að fulltrúar unga fólksins eigi þess kost að taka þátt í störfum við slíkar aðstæður þannig að tilgangur tillögunnar um að tryggja aðkomu unga fólksins að ábyrgð á starfi kirkjunnar nái fram að ganga. Mætti t.d. gera ráð fyrir að unga fólkið kæmi á biskupafund í tiltekin skipti á hverju ári en einnig þegar málefni væru þar til umfjöllunar sem hefðu sérstaka skírskotun til unga fólksins. Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt tillögunnar feli í sér kostnað fyrir kirkjuna.

Ályktun um þátttöku ungs fólks

- 1) Þingið áréttar mikilvægi þátttöku ungs fólks í starfi kirknanna.
- 2) Þingið lýsir yfir ánægju sinni með starfsemi samtakanna Young Reformes' Network við að miðla inntaki Siðbótarinnar til nýrra kynslóða. Þingið hvetur framkvæmdastjórn til að halda áfram stuðningi við samtökin og jafnframt að útvíkka starfsemi þeirra svo hún nái til þeirra sem búa sig undir að taka við leiðtogahlutverkum innan kirkjunnar.
- 3) Þingið hvetur allar kirkjur Heimssambandsins til að stuðla að innleiðingu 20% ungmennapátttöku á öllum stigum með því að tryggja aðkomu og atkvæðisrétt ungs fólks við ákvarðanatöku, stefnumótun og skipulag.
- 4) Þingið hvetur aðalritara Lútherska heimssambandsins til að biðja kirkjur sambandsins til að leggja fram árangurskýrslur um ungmennapátttöku fyrir næsta heimsþing.